

From: [Inga Elísabet Vésteinsdóttir](#)
To: [Margrét Mazmanian Róbertsdóttir](#)
Subject: Re: Tjaldsvæðisreitur - beiðni um umsögn
Date: þriðjudagur, 17. nóvember 2020 16:27:53
Attachments: [image003.png](#)

Sæl Margrét

Hverfisnefnd Brekku og Innbæjar sá sér ekki fært að standa tímafrest fyrir umsögn. Við vonumst þó til að okkar álit rati rétta leið.

Bestu kveðjur fyrir hönd nefndarinnar
Inga Elísabet

Fundur 12. nóv 2020

Hverfisnefnd Brekku og Innbæjar fagnar skipulagi reitsins og telur staðsetninguna henta vel nýrri heilsugæslustöð. Nokkur atriði viljum við nefna sem veganesti inn í áframhaldandi skipulagsvinnu.

a.

Við nærliggjandi götur má sjá hvernig gömlu húsin á staðnum voru fléttuð inn í nýrra skipulag (t.d. Ásabyggð, Goðabyggð og Hrafnagilsstræti). Þar standa gömlu húsin aftar í húsalínunni, sem annars er fullkomlega einsleit. Við teljum gamla húsið sem stendur við Þórunnarstræti (byggt 1926) sem og Húsmæðraskólinn geti hæglega rúmast í nýju skipulagi og ljáð svæðinu sjarma. Við mælum því með því að nýju skipulagi verði gert að halda í heiðri þær byggingar sem þegar eru á svæðinu með nýstárlegri nálgun - það er auðvelt að skipuleggja autt blað, en það þarf fagmenn til að skipuleggja í grónu hverfi.

b.

Starfsemi heilsugæslu mun óneitanlega fylgja nokkur umferð bíla. Svæðið er þó vel tengt og má hæglega takmarka bílastæði t.a.m. fyrir starfsfólk. Ekki er þó hægt að ætlast til að veikt fólk og fólk úr nærsveitum komi fótgangandi eða með strætó. Því þarf að gæta þess við hönnun að draga úr þeirri tilhneigingu að bílum verði lagt við gangstéttar við nærliggjandi götur svo að hætta geti stafað af. Mikil gangandi umferð er nú þegar um svæðið og mun hún síst minnka við aukna starfsemi. Huga þarf vel að því hvers konar starfsemi verði á reitnum auk heilsugæslu m.t.t. þess að samnýta bílastæði (dag/kvöld) og veita því athygli að um gróið hverfi er að ræða.

c.

Ekki verður flúið frá því að bæta á umferðarþunga Þórunnar- og Þingvallastrætis, en báðar götur ættu að anna aukinni bílaumferð. Þessar æðar eru þó komnar að þolmörkum hvað varðar gangandi umferð, sérstaklega til og frá Brekkuskóla. Rúmlega 600 börn þurfa að ganga yfir þessar götur á háanna tíma á degi hverjum. Skipulagsvinna hlýtur að bjóða upp á gagngera endurskoðun á tilhögun umferðar gangandi vegfarenda á svæðinu. Því fögnum við.

On Wed, Oct 28, 2020 at 9:33 AM Margrét Mazmanian Róbertsdóttir
<margretr@akureyri.is> wrote:

Í kynningu er lýsing vegna aðalskipulagsbreytingar fyrir Tjaldsvæðisreitinn við

Þórunnarstræti.

Í breytingunni er gert ráð fyrir því að svæðið verði skilgreint sem miðsvæði og eru fyrirætlanir að byggja heilsugæslu á svæðinu.

Hér er hægt að skoða auglýsinguna:

<https://www.akureyri.is/is/frettir/skipulagslysing-fyrir-tjaldsvaedisreit-vid-thorunnarstraeti-a-akureyri>

og hér er hægt að skoða lýsinguna:

<https://www.akureyri.is/static/files/Skipulagsdeild/Adalskipulagid/Tjaldsv/lysing.pdf>

Óskað er eftir umsögnum fyrir lýsinguna innan tveggja vikna.

Með kveðju,

Margrét M. Róbertsdóttir

Verkefnastjóri skipulagsmála

Skipulagssvið

Geislagata 9, 600, Akureyri

Beinn sími / Direct: (354) 460 1144

margretr@akureyri.is

<https://www.akureyri.is/>



Akureyrarbær
Skipulagssvið

[Fyrirvari um tölvupóst / Email disclaimer](#)



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Margrét M. Róbertsdóttir
Akureyrarbær
Geislagata 9
600 Akureyri

5. nóvember 2020
MÍ202010-0123/ 6.08 / S.G.

Umsögn um skipulagslýsingu fyrir tjaldsvæðisreit við Þórunnarstræti á Akureyri

Með tölvupósti sendum 28. október sl. óskaði Margrét M. Róbertsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála hjá Akureyrarbæ, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um aðalskipulagslýsingu fyrir tjaldsvæðisreit við Þórunnarstræti. Það svæði sem breytingin nær til er um 3,5 ha að stærð. Í gildandi aðalskipulagi skiptist landnotkun svæðisins í afmarkaða reiti fyrir íbúðarsvæði, verslunar- og þjónustusvæði og samfélagsþjónustu en með breytingunni er gert ráð fyrir að allt svæðið verði skilgreint sem miðsvæði. Á svæðinu er þegar fjölbreytt starfsemi og nú eru uppi fyrirætlanir um að byggja heilsugæslustöð á svæðinu auk þess sem svæðið talið mikilvægt þéttingarsvæði.

Eins og kemur fram í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og í reglum um skráningu jarðfastra minjar nr. 620/2019 þarf skráning fornleifa, húsa og mannvirkja í þéttbýli og á svæðum þar sem eru fyrirhugaðar framkvæmdir að vera lokið á vettvangi áður en aðalskipulag er samþykkt.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir svæðið á vegum Minjasafnsins á Akureyri og Fornleifastofnunar Íslands árið 1996 (*Fornleifaskráning í Eyjafirði VI. Fornleifar í landi Nausta, Hamra og Kjarna*. Adolf Friðriksson & Orri Vésteinsson FSO18-95023). Engar skráðar minjar eru á ofangreindum skipulagsreit. Fornleifaskráningin er barn síns tíma og uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar um skráningu fornleifa. Minjavörður mun kanna svæðið á vettvangi þegar deiliskipulagstillaga verður kynnt stofnuninni.

Ekki hefur verið gerð húsaskráning á því svæði sem aðalskipulagsbreytingin nær til. Innan svæðisins eru engin hús eða mannvirki sem falla undir lög um menningarminjar en innan svæðisins eru tvö hús sem stofnunin telur hafa menningarsögulegt gildi. Húsið að Þórunnarstræti 97 sem er reist árið 1926 og húsið að

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Þórunnarstræti 99 sem var reist árið 1945 og er hannað af Guðjóni Samúelssyni. Vakin er athygli á að í 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 segir að þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar. Þegar kemur að deiliskipulagsgerð svæðisins mun stofnunin fara fram á skráningu ofangreindra húsa til að hægt sé leggja mat á varðveislugildi þeirra.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:
Skipulagsstofnun

Akureyrarbær - skipulagssvið

Geislagötu 9, 3. hæð

600 Akureyri

skipulagssvid@akureyri.is

12. nóvember 2020

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir tjaldsvæðareit við Þórunnarstræti

Um leið og Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma fram með umsögn um ofangreinda tillögu er bent á eftirfarandi:

Rafveita

Spennistöð rafveitu er innan svæðisins og þarf að vera áfram og aðkoma að henni tryggð. Spennistöðin gerir það að verkum að líklega er hægt að afhenda rafmagnsheimtaugar í samræmi við óskir innan svæðisins. Ekki er hægt að svara betur fyrir en nánari upplýsingar liggja fyrir um lóðir, byggingar og aðkomur.

Hitaveita og vatnsveita

Það eru ágætlega burðugir stofnar, bæði í hitaveitu og vatnsveitu, í götunum umhverfis Tjaldsvæðisreitinn sem bera þó nokkra aukningu á notkun.

Fráveita

Huga þarf vel að lögnum á svæðinu. Stór lögn liggur frá Norðurbyggð, í gegnum svæðið og niður í Þórunnarstræti, sem taka þarf tillit til.

Við veitum frekari upplýsingar ef eftir því er óskað. Einnig er rétt að minna á kortasjá okkar sem er öllum opin á netinu þar sem hægt er að skoða nánar legu veitulagna á svæðinu. www.map.is/no

Bestu kveðjur,

Gunnur Ýr Stefánsdóttir
Verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra

Akureyrarbær
Margrét M. Róbertsdóttir, verkefnisstjóri skipulagsmála
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 4. nóvember 2020

Tilvísun: 202010088 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna tjaldsvæðisreits við Þórunnarstræti, Akureyri

Akureyrarbær hefur, með erindi dags. 28. október 2020, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. 9. október 2020, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er í meginatriðum að samræma landnotkun innan svo kallaðs *tjaldsvæðisreits*, sem er að stærstum hlut skilgreindur sem íbúðarbyggð ÍB8 í dag, en verður skilgreindur sem miðsvæði. Á svæðinu verði m.a. gert ráð fyrir byggingu heilsugæslu, íbúðarbyggð auk verslunar- og þjónustu.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar en bendir á eftirfarandi atriði sem gera þarf nánari grein fyrir við mótun tillögu og umhverfismat hennar:

- Við mótun skipulagstillögunnar og mati á áhrifum hennar er mælt með að bornir verði saman mismunandi valkostir fyrir uppbyggingu á svæðinu s.s. varðandi fyrirkomulag og hæð húsa og fjölda íbúða og skoðuð áhrif þeirra, m.a. áhrif á nærliggjandi byggð.
- Þrátt fyrir að reiturinn sé ekki skilgreindur sem opið svæði fyrir tjaldsvæði hefur svæðið nýst sem slíkt í áratugi. Í tillögunni ætti því að gera grein fyrir áformum um lokun tjaldsvæðisins og hvar veitt verði þjónustu við ferðmenn sem kjósa að dvelja á tjaldsvæði.
- Í skipulagstillögunni þarf að fjalla um hvernig breytingin og uppbygging samkvæmt henni samræmist markmiðum landsskipulagsstefnu.
- Þar sem um er að ræða uppbyggingu í þegar byggðu og grónu hverfi ætti að leggja áherslu á gott samráð við íbúa og að þeim verði gefinn kostur á að koma að mótun skipulagstillögunnar. Í því samhengi mælir stofnunin með því að kynningar- og vinnsluferli aðalskipulagstillögu og breytingar á deiliskipulagi verði samþætt.

Guðrún Lára Sveinsdóttir
Guðrún Lára Sveinsdóttir